

Fréttabréf AFLs

4. tbl. 2019

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Til góðra verka

Af samningamálum



Frá kjaraviðræðum í vetur. Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs á milli Björns Snæbjörnssonar, formanns SGS og Flosa Eiríkssonar, framkvæmdastjóra þess. Mynd: Ernir Eyjólfsson

AFL Starfsgreinafélag stendur um þessar mundir í kjarasamningsviðræðum á þrennum vígstöðvum. Viðræður við ríkið og vegna starfsmanna í fiskimjölsverksmiðjum eru í hléi fram á haust en ganga samkvæmt áætlun. Viðræður við sveitarfélögin eru hins vegar í hnút.

Sveitarfélögin

Undanfarna mánuði hefur AFL, í samstarfi við önnur aðildarfélög Starfsgreinasambands Íslands (SGS), átt í kjarasamningsviðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga (SNS) vegna félagsmanna sem starfa hjá sveitarfélögum.

Viðræðurnar hafa engum árangri skilað og hefur deilunni hefur verið vísað til ríkissáttasemjara.

Samninganefnd SNS hefur gengið frá samkomulagi við önnur sambönd og stéttarfélög um að þeirra félagsmenn, sem starfa hjá sveitarfélögunum, skuli fá greiddar 105.000 kr., miðað við fullt starf,

þann 1. ágúst nk. sem uppgreiðslu í komandi kjarasamning.

Fyrir milligöngu ríkissáttasemjara óskaði SGS eftir því að gera sambærilegt samkomulag, en því var alfarið hafnað af hálfu SNS

Í erindi sem AFL Starfsgreinafélag sendi bæjar- og sveitarstjórum í þeim níu sveitarfélögum sem eru á félagssvæðinu fór félagið fram á að viðkomandi sveitarfélög greiði starfsfólki sínu, sem starfar eftir samningi AFLs/SGS, sambærilega greiðslu. Það eru liðlega 800 félagsmenn.

Afrit af erindinu var sent á kjörna bæjar- og sveitarstjórnarfulltrúa sveitarfélaganna, annarra en Langanesbyggðar og Borgarfjarðarhrepps, þar sem upplýsingar um netföng þeirra eru ekki aðgengilegar á síðum sveitarfélagsins.

Það var von AFLs að sveitarstjórnarmenn vilji að starfsmenn sveitarfélaganna séu ánægðir í starfi og að þeim sé ekki mismunað eftir stéttarfélagasáild.

Þegar þetta er ritað hafa fjögur sveitarfélög, Vopnafjarðarhreppur, Sveitarfélagið Hornafjörður, Djúpvogshreppur og Fljótsdalshérað hafnað þessari beiðni og skýla sig á bak við SNS.

Þar með liggur það fyrir að meirihluti sveitarstjórnarmanna þeirra sveitarfélaga sem hafa hafnað beiðninni, koma sér hjá því að taka ábyrgð á alvarleika málsins og eru að stofna til ófriðar og stefna vinnudeilunni í harðari hnút en hún er þegar komin í.

Þessir sömu sveitarstjórnarmenn sækja umboð sitt til íbúanna, þar með talið þeirra 800 sem um ræðir en telja sig ekki þurfa að vinna að hagsmunum þeirra.

AFL Starfsgreinafélag lýsir yfir fullri ábyrgð sveitarstjórnarmanna á þeim átökum sem þeir stefna kjaradeilunni í.

Ríkið og stofnanir þess

Viðræður voru í gangi og í júnílok var undirrituð breytt viðræðuáætlun

þar sem stefnt er að gerð nýs kjarasamnings fyrir 15 september. Viðræðuhlé er í fram í ágúst vegna sumarleyfa.

Þar sem langt er síðan gildistími síðustu kjarasamninga rann sitt skeið, eru aðilar ásáttir um að innágreiðsla að upphæð 105.000 kr. verði greidd hverjum starfsmanni miðað við fullt starf. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall á tímabilinu frá og með 1. apríl 2019 til og með 30. júní 2019. Greiðslan kemur til útborgunar 1. ágúst 2019.

Fiskimjölsverksmiður

Viðræður AFLs við Samtök Atvinnulífsins vegna kjarasamninga í fiskimjölsverksmiðjum var í júní frestað fram á haust enda gekk orðið illa að koma saman fundi vegna sumarfría beggja megin borðs. Í þeim samningi sem nú er unnið samkvæmt er þó ákvæði um að þær kauphækkningar sem samið verður um, muni gilda frá 1. apríl síðastliðnum.

Fagmennska og fúsk í ferðapjónustu


- um helmingur starfsfólks í ferðapjónustu er ungt fólk í árstíðabundinni vinnu.

Tilviljanakenndar uppsagnir á fólki, einelti og hvers kyns áreiti eru að verða meðal algengustu kvartana sem félagsmenn AFLs koma með til úrlausnar. Síðustu ár hefur „vertíðarstarfsfólki“ í ferðapjónustu fjölgað mjög og er svo komið að um 1.200 félagsmanna AFLs í þessum mánuði eru starfandi við hótél og veitingahús. Af þessum fjölda eru um 400 íslenskir ríkisborgara en hinir koma víða að úr heiminum. Sá hópur sem mest leitar aðstoðar er ungt fólk sem kemur í ævintýraleit og sumarvinnu og fyrir mjög mörg þeirra skiptir afkoma sumarsins miklu máli því þau eru að fjármagna nám sitt með laununum.

Það skiptir því miklu máli fyrir þessa félagsmenn okkar, sem og aðra, að launagreiðendur standi við kjarasamninga því það er ekki bara sumarvinnan sem er í húfi heldur í mörgum tilfellum möguleikinn á að halda áfram námi og geta framfleytt sér.

Fagmennskan í fyrirrúmi!

Flest fyrirtæki í ferðapjónustu koma vel fram við starfsfólkið og af þeim um 1.500 einstaklingum sem koma og fara á hverju sumri til vinnu hafa aðeins innan við 100 þeirra samband við okkur með einhverjar umkvartanir.



Í lítilli skoðanakönnun sem AFL framkvæmdi fyrir skömmu, þar sem því miður svörun var of lítil til að niðurstöður væri marktækar, kom fram að um 70% telja að yfirmenn komi vel fram og um 80% voru ánægðir með vinnustaðinn og aðbúnaðinn. Það var hins vegar nokkuð gegnumgangandi í svörum þeirra sem þátt tóku að þau höfðu litlar



Um 1200 félagsmenn AFLs starfa við ferðamennsku í júlímánuði. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint.

upplýsingar um kaup og kjör og aðeins um þriðjungur taldi að launagreiðandinn hefði gefið góðar og fullnægjandi upplýsingar í ráðningaferlinu. Aðeins lítið brot taldi að launagreiðandinn hefði útskýrt réttindi þeirra og innan við helmingur skyldi hvernig reglur um vaktavinnu eru á Íslandi.

Um 75% eru með ráðningarsamninga og langflestir fá útborgað á réttum tíma og fá launaseðil hverju sinni.

Fúsk og leiðindi

En á hverju sumri leita tugir félagsmanna til okkar á hverju hausti eftir sumarvinnuna. Í mörgum tilfellum koma þá ljótar sögur upp á yfirborðið.

koma aftur inn á borð ári síðar.

En það er ekki bara svindl á launatöxtum og tímaskráningu sem gerir þessum félagsmönnum gramt í geði heldur og ekki síður – skítaframkoma sem þau verða fyrir víða. Tæplega helmingur þeirra sem svöruðu könnuninni sögðu „það er allt illa skipulagt hér og léleg stjórnun“. Nokkrir sögðu „yfirmenn koma fram við mig af hroka“. Ennfremur sögðu vel innan við helmingur að menntun þeirra og reynsla væri metin.

Rekin af tilefnislausu

Nokkuð hefur verið um það síðustu vikur að fólk hefur leitað til okkar þar sem því hefur verið sagt upp – að því er virðist af tilefnislausu eða af því það ætlaðist til að launagreiðandinn stæði við fyrirheit um kaup og kjör. Svörin sem fólk fær þegar það ræðir við yfirmenn eru yfirleitt: „Það er nóg af fólki sem vill vinna – ef þú ert óánægð(ur) skaltu bara hypja þig.“ Þetta er því nánast afturhvarf til þess tíma þegar alþýðufólk var ofurselt valdi nokkurra verkstjóra og kaupmanna og þurfti á stundum nánast að skríða fyrir yfirstéttinni til að fá atvinnu. Í ofangreindum tilvikum eru litlar og ómerkilegar sálir að nýta sér umkomuleysi og bjargarleysi erlendra ungmenna sem hafa lagt allt undir varðandi sumarvinnuna og geta því valið að láta troða á sér eða vera rekin og glata þannig mögulega sumarhýrunni og því bjargræði sem hún átti að vera næstu mánuði.

Ömurlegur aðbúnaður

Þó að flestir félagsmanna okkar sem koma og bjarga ferðamannavertíðinni búi við

ásættanlegar aðstæður sem launagreiðandinn skaffar – búa sumir við verri kjör. Dæmi eru um herbergi sem ekki eru með opnanlegum gluggum, herbergi sem ekki er hægt að læsa, 20 manns um eitt baðherbergi, ekkert heitt vatn í starfsmannahúsi og svo mætti lengi telja.

Þeir skúrkar sem koma slæmu orði á stéttina virðast ekki víla sér fyrir að lofa öllu fögru þegar verið er að ráða fólk til vinnu og bjóða þá einstaklingsherbergi og góðan aðbúnað – en þegar starfsfólkinu er svo vísað til vistar er það mögulega í sóðalegum herbergjum þar sem fyrir eru aðrir á fleti. Þeim sem kvarta er þá bara bent á að koma sér á brott – nægir aðrir séu um hituna.

Haustar snemma í sumar

Venjan er sú að á hverju hausti sækja einhverjir tugir ungmenna ráð til okkar og aðstoð við að fá greidd rétt laun eftir sumarvinnuna. Þessi „vertíð“ okkar byrjaði fyrr en venjulega. AFL er nú með í skoðun einhverja tugi mála og undirbýr innheimtuðgerðir og aðrar aðgerðir vegna tuga starfsmanna. Það virðist því vera meiri vitund meðal þessa unga fólks um rétt sinn og hlutverk verkalyðsfélaga – enda hefur AFL auglýst mikið og kynnt sig og rétt launafólks á samfélagsmiðlum og beint ákveðnum auglýsingum að erlendum markhópum.

Haustið kom því óvenju snemma hjá félaginu en vonandi verða málin ekki mikið fleiri eða verri en þau sem þegar eru komin til úrlausnar.

Enn um sjálfboðaliða

Í tilefni fréttaplutnings um að Vopnafjarðarhreppur væri að notfæra sér ólaunaða sjálfboðaliða við skógræktarstarf og viðbrögð AFLs, urðu nokkur viðbrögð meðal íbúa á Austurlandi og því sjónarmiði að sjálfboðaliðastarf væri bara af hinu góða var nokkuð haldið fram. Því er rétt að rifja upp helstu rök verkalýðsfélaganna í baráttu gegn misnotkun sjálfboðaliðastarfs.

AFL og önnur verkalýðsfélög hafa ekkert á móti sjálfboðaliðastarfi í mannúðarstarfssemi og félagsmenn AFLs eru margir stoltir félagsmenn björgunarsveita landsins. Mörg störf eru unnin af sjálfboðaliðum, bæði hér á landi sem annars staðar, sem auðvitað ættu að vera launuð en enginn sinnir utan sjálfboðaliðar. Má þar nefna t.d. störf björgunarsveitanna sem leita að fólki og bjarga úr nauð, störf sjálfboðaliða Rauða krossins og og mörg önnur líknar- og mannúðarstörf.

Sjálfboðaliðar hafa komið til landsins um nokkurt árabíl og þá verið í verkefnum sem talin hafa verið til náttúruverndar en síðustu ár hafa aðilar sem nýta sér þessa

ókeypis vinnu verið að færa sig upp á skaftið. Það hefur því miður farið vaxandi að sjálfboðaliðar hafa verið nýttir til að ganga í störf sem annars væru launuð og til að vinna störf sem hafa beinan efnahagslegan tilgang.

Þannig er til dæmis farið um skógræktarverkefni Vopnafjarðarhrepps – en hreppurinn er sjálfur aðili að kjarasamningi þar sem fjallað er um meðal annars sumarstörf við garðyrkju og hvers kyns verkamannavinnu. Í kjarasamningi SGS við Bændasamtökin er fjallað um skógrækt þannig að það liggur fyrir að til er kjarasamningur um lágmarkslaun við skógrækt. Auðvitað er það svo á Íslandi að talsverður hluti skógræktar hefur verið unninn í sjálfboðavinnu – og hafa þar félagsmenn í staðbundnum skógræktarfélagum farið fremst en í tilfelli Vopnafjarðarhrepps eru sótt ungmenni til annarra landa til að vinna verkefni sem ella hefðu verið greidd laun fyrir.

Sama gildir um tilraunir óprúttinna aðila til að fá sjálfboðaliða til starfa á gistiheimilum og við beinan rekstur sem skilar eiganda arði – það er skýlaust brot á kjarasamningum og reyndar ýmsu öðru. Þeir aðilar



Mynd úr safni AFLs. Hún tengist fréttinni ekki með beinum hætti.

sem starfa sem sjálfboðaliðar greiða ekki skatta og af þeim eru ekki greidd ýmis launatengd gjöld sem standa eiga undir þjónustu við vinnumarkaðinn. Þegar eitthvað bjátar á hjá þessu fólki stendur það réttlaut eftir.

En notkun sjálfboðaliða í efnahagslegri starfssemi, það er í vinnu sem eigandinn græðir á, er alvarleg aðför að samningsstöðu tekjulægsta fólksins á vinnumarkaði og aðför að

atvinnuöryggi þess. Þetta er einnig aðför að heilbrigðu rekstrarumhverfi og samkeppnisstöðu fyrirtækja. Fyrirtæki sem stendur vel að öllu og greiðir starfsfólki góð laun stendur höllum fæti í samkeppni við fyrirtæki sem svindlar á öllu og notar sjálfboðaliða við starfssemi sína.


Allir tapa nema svindlarinn.



AFL til góðra verka!

Atvinnulífið á Austurlandi byggir á drífandi og öflugum starfsfólki. AFL Starfsgreinafélag er verkalýðsfélagið á Austurlandi.

www.asa.is



Nýr rekstraraðili á Akureyri

Áralöngu samstarfi AFLs og Securitas á Akureyri er lokið og hefur Securitas hætt umsjón og þrifum á orlofsíbúðum félagsins þar. Það voru breyttar áherslur í rekstri Securitas sem ollu því að þessari þjónustu var hætt og hefur AFL samið við „Mundi afi ehf.“ sem nýjan þjónustuaðila. Fyrir því fyrirtæki fer Jóhanna Guðmundsdóttir, sem þekkir vel til enda vann hún um

árabil hjá Securitas við ræstingu AFLs íbúða.

AFL býður Jóhönnu og hennar fólk velkomið í hóp umsjónarmanna félagsins og væntir góðs af samvinnu í framtíðinni.

Rétt er að benda félagsmönnum á að ekki þýðir lengur að hringja í Securitas ef þörf er aðstoðar vegna íbúðanna en bent er á vakt síma félagsins 4 700 340.



Íbúðir AFLs á Akureyri.

Laus tímabil í orlofshúsum AFLs

Enn eru nokkur laus tímabil í orlofshúsum AFLs í sumar og þá aðallega um miðjan ágúst og síðar. Þannig eru hús á nánast öllum svæðum sem AFL er með hús á, laus frá 23. ágúst og víða eru laus hús vikuna sem byrjar 16. ágúst þ.m.t. Ölfusborgum, Klifabotni,

Glaðheimum, Einarstöðum og Brekkuskógi.

Húsið í Glaðheimum við Blönduós er laust 27. júlí.

Ath. Þetta getur hafa breyst frá því fréttabréfið er skrifað því þessi hús eru „fyrstur kemur – fyrstur fær.“




Enn eru laus tímabil í orlofshúsum AFLs á Einarstöðum.

Raf-og tvinnbílar í Stakkholti

Verið er að vinna að lokafrágangi við hleðslustöðvar fyrir raf-og tvinnbílur í bílakjallaranum í Stakkholti. Það er búið að tengja stöðvarnar og á að vera hægt að opna fyrir hleðslu með öllum AFLs kortum en í framtíðinni verður svo kostnaður vegna hvernar hleðslu gjaldfærður á þann sem er með viðeigandi íbúð á leigu hverju sinni.

Félagsmönnum er því frjálst að hlaða bíla sína gjaldfrjálst í nokkurn tíma eða þar til hugbúnaður félagsins til að mæla og gjaldfæra notkunina

verður klár. Það er rétt að benda á að endastykkin eru af „Type 1“ þannig að þeir sem nota aðrar tegundir þurfa að vera með millistykki með sér.



Rafstöðvarnar uppsettar í bílakjallaranum í Stakkholti. Mynd: Sindri Ragnarsson

Stela eigendur þjófénu?

Fyrir nokkru kom fram í frétt AFLs Starfsgreinafélags að brögð væru að því að eigendur veitinga- og gistihúsa tækju sjálfir þjófé er gestir skilja eftir handa starfsfólki. Skömmu eftir að félaginu bárust fréttir af þessu – setti AFL í gang litla könnun meðal 600 félagsmanna sem vinna í þessum geira.

Því miður var þátttaka í könnuninni undir væntingum þannig að tölfraðilega er ekki hægt að alhæfa um niðurstöður könnunarinnar. Því verður hún ekki birt í heild.

Af þeim sem svöruðu sögðu 100% að gestir skildu eftir þjófé.

36% sögðu að einstaka starfsmenn ættu sjálfir þjófé sem þeim væri rétt, 40% sögðu að starfsfólk væri með pott þar sem öllu þjófé væri skipt á milli starfsmanna eftir ákveðnum reglum en 24% sögðu að eigendur hirtu þjófé.

Eins og áður segir er þessi könnun ekki tölfraðilega marktæk en gefur engu að síður vísbendingar um að eitthvað er um að eigendur hirti þjófé.

Rétt er að geta þess að samkvæmt sömu könnun sögðust langflestir vera ánægðir í vinnu og með þá aðstöðu sem þeim er séð fyrir.

Tímaskýrslur – Tímaskýrslur

AFL gekk í síðustu viku frá sátt fyrir tvo félagsmenn um vangoldin laun að upphæð 250.000 fyrir hvorn félagsmann. Málið snerist um vangoldin laun 30 mánuði aftur í tímann þar sem allir tímar voru greiddir sem dagvinna eða með vaktalögum jafnvel þó að unnir væru yfir 200 tímar á mánuði. Greiða skal alla tíma umfram 173 á mánuði sem yfirvinnu.

Starfsmaður AFLs og viðkomandi félagsmenn voru fullvissir um að vangoldin laun væru hærri, en tímaskýrslur félagsmannanna voru

ófullkomnar og ekki var hægt að reikna kröfur vegna allra mánaða þar sem upplýsingar um vinnutíma lágu ekki fyrir. Það varð því sameiginleg niðurstaða okkar og félagsmannanna að ganga að þessari sátt.

Þetta undirstrikar hversu mikilvægt það er fyrir launafólk að skrá unna tíma hjá sér og varðveita því ef til ágreinings kemur við launagreiðanda þá eru tímaskýrslur mikilvægustu gögnin sem við þurfum að fá til að geta reiknað launakröfur og staðið við bak félagsmanni gagnvart launagreiðanda.